

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um sildarverksmiðjur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku sildar“ í 10. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 1 5. janúar 1938, um sildarversmiðjur ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefir tjáð mér, að stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna og stjórn Sildarverksmiðja ríkisins hafi óskað þess, að numin verði úr lögum forgangsréttur samningabundinna viðskiptamanna fyrir öðrum um móttöku sildar hjá sildarverksmiðjum ríkisins. Þetta fyrirkomulag sé ekki hagkvæmt, enda ekki í samræmi við þá venju, sem fylgt hafi verið undanfarin ár.

Það beri því brýna nauðsyn til að breyta 10. gr. laga nr. 1/1938 á þann veg, að öll skip hafi sama rétt til afhendingar sildar til sildarverksmiðja ríkisins, hvort heldur þau eru í föstum viðskiptum eða ekki.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Orðin „Ganga samningsbundnir viðskiptamenn fyrir öðrum um móttöku sildar“ í 10. gr. laganna falla niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. júní 1964.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.